tekur hann lærdóminn um skylduna í þessari þýðingu, sem alt meint og hugsjið, á þarfið. Alt er skylda manns af Guði sett; það má og skilja svo sem lögmálið sje mannlegum anda í brjósti, að skyldan sje hin innri skuldbinding viljans við lögmálið, það er andlegt, og því er það ekki komið utanað manni, ekkjert ókunnugt eða framandi vald, heldur er það sprottið af sömu rót og hann, hann þekkir sig í því sjálfur — — —.

26. grein.

En þó að lögmálið sje íbúandi anda mannsins, og skyldan sýni að lögmálið sje í honum það sama, sem mannsins sanni vilji, þá má ekki misskilja þetta svo, að mannsins vilji sje hin dýpsta rót, og uppspretta lögmálsins, eða andi mannsins sje hinn æðsti sjálfstæðis löggjafi. Í skoðuninni á lögmálinu verða menn að hafa þetta atriði fyrir augum, að lögmálið sje andlegt, þessvegna er það í sinni dýpstu rót, ekki opinberun þess andlega, heldur hins óendanlega anda; það er opinberun hinnar algjörðu, eilífu Guðs og algild-da vilja. Að þessu atriðinu sjálfu, gjætti Kant ekki, af því hann einungis tók fram það atriði, að það væri íbúandi mannlegum anda, og með því gjörði skynsemi manns, að hinum æðsta löggjafa; hann sagði að skynsemin væri "autonomisk". Lögmál. varð þá lögm. mannl. meðvitundar, en ekki hins æðsta anda. Það varð einungis "subjectivt", en ekki "obj." algjörlt. Lærdómur Kants um sjálflöggjöf skynseminnar, leiðir í raun ekki til andanns sje annars, en til að gjöra mannlegan anda að Guði. "Autokleis-mus" eður sjálfstæðisleg sjálfstilbeiðsla —. Það æðsta sjálfstæðislega lögmál, verður að vera sprottið af hinum æðsta vilja, eða þá ef ma-nnlegur andi er óhultkominn, þá er lögmálið líka óhultkomið. Líka er einnig hin "Stoiska" á sjálfstæðislífinu, að því einu undantek-nu, að "Stoiska" skoðunin hefur hvernig á sjer algjörðisblæ, þeir sögðu að lögmálið væri lögmál hinnar algildu skynsemi, sem birtist í sögunni. Mannlegur andi sem opinberun í sögunni, var sá æðsti löggjafi. En mannsins andi þannig skoðaður í sögunni, er sjálf-unni sjer óvígur, eins og andi hins einstaka manns, hann er breytingunum undirorpinn, hann sjer ekki sjálfur hvað hann vill, eða hvert hann stefnir, heldur nær mannlegur andi það smátt og smátt, sjón hans er því takmörkuð, og því gjetur hann ekki verið hinn æðsti sjálfstæðislegi löggjafi, sem verður að sjá sig sjálfan öll misir sín og takmörk. Þessvegna hlýtur Guðs skapandi vilji að vera undirrót sjálfs sín og lögmálsins. Í Guðs vilja hefur því sjálfstæði, laga lögmálið upprunalega rót sína, en í mannsins vilja er það afleitt, þó það sje honum samkynja, því það er sprottið af sömu rót. Að þessu gjætti ekki (hinn fyrri) Kant. Þessi sannleikur gjetur í hinn bágasta andsjið og svo hættulega misskilning, það má ekki skilja hann svo, að lögm. sje sprottið af tak-markalausu sjálfræði Guðs. Latneskan: „bonum est quia volt"; hana má ekki einungis hafa fyrir augum, því þá gjæti vak-izt út, að Guð gjæti af handahófi breytt í vilja sínum, menn verða einnig að hafa hina setninguna fyrir augum: "volt quia bonum est"; menn meiga heldur ekki hverfa af því að hinni ókost fyrir sig, því þá lyti svo út, sem lögmálið væri eitthvað fyrir utan Guðs vilja, sem hann væri bundinn. Hvorugtveggi setningunum, verður maður að sameina, því það góða er óaðgreinanlegt frá hans vilja. Hvernig opinberast lögmálið? Það birtist bæði sem Guðslögmál, og mannslögmál, bæði fyrir utan mann og í manni; að því leiti sem lögmálið er mannslögmál, þá birtist það sem hugskotsins lögmál. Taki maður þetta einungis fram, þá kæmu menn einungis að hinu sama sem Kant. Það verður einungis „Subjectivt", það leiðir til þess, að menn vilja hafa sjálfgjört lögmál, hver fyrir sig sína góðu samvizku. Hin hliðin er þetta, sem menn verða að hafa fyrir augum, að lögmálið er vald, sem birtist manni utanað, sem mætir honum, eins og eitthvað annað, en hans eiginn vilji, sem að ekki er háð manni, heldur mætir honum því, mannlegur vilji á að gefa sig undir það. Væri lögmálið einungis mannlegt, þá væri það í sannleika ekki andlegt, það væri þá breytingunum undirorp-ið, eins og alt annað sem andlegt er. En innihald = kjarni lögmálsins, eigi það að vera óbreytanlegt, þá hlýtur það einnig að mæta manni, eins og hlutlægt vald, sem hafið er yfir alt það breytingarlega (s. sem er undirorpið skoðbreytingunum í lífinu, innanað og utanað). Gyðingatrúin tekur eingöngu fram þessa skoðun, þar er lögmálið eingöngu skoðað, sem vilji „Jehóva", sjálfstæðislegt vald, sem að utan og utanað birtist manni. En af því hún tekur þetta eingöngu fram, þá er skoðun þeirra óhultkomin. Í heiðninni er lögmálið ekki sjálfstæðisl. Lögmál í eðli skilningi — heldur náttúrunnar lögmál, ekki opinberun hins eðli sjálfstæðislega vilja, heldur ákvæðist, þeir gjöra það bundið það kjemur fram í tilfinningabeiningi. Í Gyðingatrúnni, hefur lögmálið, sannann sjálfstæðislegann blæ, því það er opinberun hins hei-laga vilja. Gyðingatrúar skoðun svo mikla heimta, en heiðnir, og menn sjá þeirra hina helga þýðingu og mikla er Gyðingatrúin hefur að undirbúa, það er hina sönnu skoðun, með því að leiða það í ljós í svo háleitnaflegri mynd, eins og Guðlegt vald, því til þess að lögmálið gjæti